

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2003/100/EB

2006/EES/58/03

frá 31. október 2003

um breytingu á I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB um óæskileg efni í fódri (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB frá 7. maí 2002 um óæskileg efni í fódri ⁽¹⁾, eins og henni var breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/57/EB ⁽²⁾, einkum 1. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 2003/32/EB er kveðið á um að bannað sé að nota afurðir, sem ætlaðar eru í fódur, sem innihalda óæskileg efni í styrk sem er yfir hámarksgildinu sem mælt er fyrir um í I. viðauka við þá tilskipun.
- 2) Þegar tilskipun 2002/32/EB var samþykkt var tekið fram að endurskoða yrði ákvæðin, sem mælt er fyrir um í I. viðauka, á grundvelli uppfærðs, vísindalegs áhættumats og með hliðsjón af banni við því að þynna mengaðar afurðir, sem ætlaðar eru í fódur, sem uppfylla ekki ákvæðin.
- 3) Vísindanefnd um fódur (SCAN) var beðin um að veita uppfært, vísindalegt áhættumat án tafar. Vísindanefnd um fódur samþykkti 20. febrúar 2003 álitserð um óæskileg efni í fódri sem var uppfærð þann 25. apríl 2003. Í álitserðinni er gefin heildaryfirsýn yfir mögulega áhættu fyrir heilbrigði dýra og manna sem getur skapast vegna mismunandi óæskilegra efna í fódri.
- 4) Vísindanefnd um fódur viðurkenndi engu að síður að þörf væri á frekara, ítarlegu áhættumati áður en ákvæði I. viðauka tilskipunar 2002/32/EB yrðu endurskoðuð að fullu. Í maí 2003 tók matvælaöryggisstofnun Evrópu (EFSA) við ábyrgð á vísindalegu mati á málum er varða öryggi fódurs og matvæla af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna. Matvælaöryggisstofnun Evrópu hefur verið beðin um að annast þetta ítarlega áhættumat.
- 5) Bent hefur verið á, í millitíðinni, að birgðir sumra nauðsynlegra og gagnlegra fódurefna geti verið í hættu því styrkur óæskilegra efna í sumum fódurefnum er, vegna eðlilegrar bakgrunnsmengunar, nálægt eða yfir hámarksgildinu sem mælt er fyrir um í I. viðauka tilskipunar 2002/32/EB. Ósamræmi milli ákvæða viðaukans hefur einnig komið í ljós.
- 6) Því ber að breyta viðaukanum til bráðabirgða þar til niðurstöður ítarlega, vísindalega áhættumatsins liggja fyrir til þess að viðhalda öflugri vernd fyrir heilbrigði dýra og manna og umhverfið.
- 7) Með það í huga að viðhalda öflugri vernd fyrir heilbrigði manna og dýra og umhverfið er viðurkennt að ef fódurefni eru gefin dýrum beint eða fódurbætur er notaður skuli daglegur skammtur þeirra ekki leiða til þess að dýr komist í snertingu við óæskileg efni í meiri styrk en sem samsvarar hámarksváhrifum þegar einungis er um að ræða daglega skammta af heilfóðri.
- 8) Vísindanefnd um fódur staðfestir að eiturrhif arsens á lífrænu formi séu takmörkuð. Ákvörðun heildarmagns arsens í fódri endurspeglar því ekki alltaf nákvæmlega áhættuna sem stafar af ólífræna forminu. Þó er einungis hægt að aðgreina lífrænt og ólífrænt form arsens með flókinni greiningaraðferð sem ekki er auðvelt að beita sem hluta af opinberu eftirliti. Rétt þykir því að vísa til heildarstyrks arsens að því er varðar hámarksgildið með möguleika á að krefjast ítarlegrar greiningar einkum þegar um er að ræða *Hizikia fusiforme*. Þar til tekin hefur verið upp í Bandalaginu greiningaraðferð til að ákvarða heildarstyrk arsens er nauðsynlegt að sýna fram á að staðið sé á fullnægjandi hátt að sýnameðferðinni og greiningaraðferðinni, sem notaðar eru, með því að nota vottuð viðmiðunarefni sem innihalda verulegan hluta af arseni á lífrænu formi.
- 9) Einnig er nauðsynlegt að taka tillit til þess að meira en 95% arsens í fódurefnum úr sjónum eru á lífrænu formi, sem er minna eitrad, og er það notað til að þróa nýjustu blöndur fiskafóðurs sem innihalda herra hlutfall af fiskilýsi og fiskimjöli.
- 10) Nügildandi hámarksgildi fyrir arsen, blý og flúr í sumum tegundum steinefnafóðurs endurspeglar ekki nügildandi, eðlileg bakgrunnsmengunargildi. Í ljósi þess að þessi óæskilegu efni í steinefnafóðri hafi lítið líffræðilegt aðgengi þykir rétt að tryggja að hægt sé að útvega þessi nauðsynlegu og gagnlegu fódurefni án þess að heilbrigði dýra og manna og umhverfinu stafi hættu af.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 285, 1.11.2003, bls. 22. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 34/2004 frá 23. apríl 2004 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 43, 26.8.2004, bls. 1.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 140, 30.5.2002, bls. 10.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 151, 19.6.2003, bls. 38.

- 11) Aflatoxín B1 er krabbameinsvaldandi erfðaeitur sem greinist í mjólk á forni umbrotsefnis þess, aflatoxíns M1. Rétt þykir að halda hámarksgildinu fyrir aflatoxín eins lágu og mögulegt er til þess að vernda lýðheilsu. Rétt meðhöndlun og réttar þurrkunaraðferðir geta haldið styrk aflatoxíns í lágmarki í mismunandi fôðurefnum og til eru skilvirkar afmengunaraðferðir til að draga úr styrk aflatoxíns B1. Rétt þykir að sama hámarksgildi aflatoxíns B1 gildi um öll fôðurefni.
- 12) Heilt baðmullarfræ inniheldur óbundið gossýpól í háum styrk sem er eitt af náttúrlegum efnisþáttum þess. Rétt þykir því að setja sérstakt hámarksgildi fyrir óbundið gossýpól í heilu baðmullarfræi.
- 13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÞESSA TILSKIPUN:

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka við tilskipun 2002/32/EB er hér með breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en tólf mánuðum eftir gildistöku hennar. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og

samsvörunartöflu milli viðkomandi ákvæða og þessarar tilskipunar.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 31. október 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á I. viðauka við tilskipun 2002/32/EB:

1. Eftirfarandi komi í stað 1., 2. og 3. liðar:

Óæskileg efni	Afurðir sem ætlaðar eru í fôður	Hámarksstyrkur í mg/kg (milljónarhlutar) fyrir fôður með 12% rakainnihald
(1)	(2)	(3)
„1. Arsen (⁸)	Fôðurefni, að undanskildu:	2
	— grasmjöli, úr þurrkuðum refasmára og þurrkuðum smára, þurrkuðu sykurrófumauki og þurrkuðu, melassabættu sykurrófumauki	4
	— pálmakjarnaköku	4 (⁹)
	— fosfötum og kalkkenndum sjávarþörungum	10
	— kalsíumkarbónati	15
	— magnesíumoxíði	20
	— fôðri sem fellur til við vinnslu fisks eða vinnslu annarra sjávardýra	15 (⁹)
	— þörungamjöli og fôðurefnum úr þörungamjöli	40 (⁹)
	Heilfôður, að undanskildu:	2
	— heilfôðri fyrir fisk og heilfôðri fyrir loðdýr	6 (⁹)
	Fôðurbætir, að undanskildu:	4
	— steinefnafôðri	12
2. Blý	Fôðurefni, að undanskildu:	10
	— grænfôðri	40
	— fosfötum og kalkkenndum sjávarþörungum	15
	— kalsíumkarbónati	20
	— geri	5
	Heilfôður	5
	Fôðurbætir, að undanskildu:	10
	— steinefnafôðri	15
3. Flúr	Fôðurefni, að undanskildu:	150
	— fôðri úr dýraríkinu að undanskildum sjávarkrabbadýrum, s.s. krílum	500
	— fosfötum og sjávarkrabbadýrum, s.s. krílum	2 000
	— kalsíumkarbónati	350
	— magnesíumoxíði	600
	— kalkkenndum sjávarþörungum	1 000
	Heilfôður, að undanskildu:	150
	— heilfôðri fyrir nautgripi, sauðfé og geitur	
	— á mjólkurskeiði	30
	— annað	50

Óæskileg efni	Afurðir sem ætlaðar eru í fóður	Hámarksstyrkur í mg/kg (milljónarhlutar) fyrir fóður með 12% rakainnihald
(1)	(2)	(3)
	— heilfóðri fyrir svín	100
	— heilfóðri fyrir alifugla	350
	— heilfóðri fyrir kjúklinga	250
	Steinefnablöndur fyrir nautgripi, sauðfé og geitur	2 000 ⁽¹⁾
	Annar fóðurbætir	125 ⁽²⁾

⁽¹⁾ Aðildarríkin geta einnig mælt fyrir um hámarksinnihald flúrs sem er 1,25% af fosfatinnihaldinu.

⁽²⁾ Flúrinnihald fyrir hvert 1% af fosfór.

⁽⁸⁾ Hámarksgildið vísar til heildarstyrks arsens.

⁽⁹⁾ Rekstraráðilinn, sem ber ábyrgð, skal, að beiðni lögbærra yfirvalda, láta fara fram greiningu til þess að sýna fram á að innihald ólífræns arsens sé minna en 2 milljónarhlutar. Þessi greining er sérlega mikilvæg að því er varðar þörungategundina *Hizikia fusiforme*.“

2. Í stað 7. liðar komi eftirfarandi:

Óæskileg efni	Afurðir sem ætlaðar eru í fóður	Hámarksstyrkur í mg/kg (milljónarhlutar) fyrir fóður með 12% rakainnihald
(1)	(2)	(3)
„7. Aflatoxín B1	Öll fóðurefni	0,02
	Heilfóður fyrir nautgripi, kindur og geitur, að undanskildu:	0,02
	— heilfóðri fyrir mjólkandi dýr	0,005
	— heilfóðri fyrir kálfa og lömb	0,01
	Heilfóður fyrir svín og alifugla (að undanskildu ungvíði)	0,02
	Annað heilfóður	0,01
	Fóðurbætir fyrir nautgripi, sauðfé og geitur (að undanskildum fóðurbæti fyrir mjólkandi dýr, kálfa og lömb)	0,02
	Fóðurbætir fyrir svín og alifugla (að undanskildu ungvíði)	0,02
	Annar fóðurbætir	0,005 ^{cc}

3. Í stað 9. liðar komi eftirfarandi:

Óæskileg efni	Afurðir sem ætlaðar eru í fóður	Hámarksstyrkur í mg/kg (milljónarhlutar) fyrir fóður með 12% rakainnihald
(1)	(2)	(3)
„9. Óbundið gossýpól	Fóðurefni, að undanskildu:	20
	— baðmullarfræi	5 000
	— baðmullarfræskökum og baðmullarfræsmjöli	1 200
	Heilfóður, að undanskildu:	20
	— heilfóðri fyrir nautgripi, sauðfé og geitur	500
	— heilfóðri fyrir alifugla (að undanskildum varphænum) og kálfa	100
	— heilfóðri fyrir kanínur og svín (að undanskildum mjólkurgrísam)	60 ^{cc}

4. Í stað 22. liðar komi eftirfarandi:

Óæskileg efni	Afurðir sem ætlaðar eru í fóður	Hámarksstyrkur í mg/kg (milljónarhlutar) fyrir fóður með 12% rakainnihald
(1)	(2)	(3)
„22. Endósúlfan (summa alfa- og beta-myndbrigða og endósúlfan-súlfats, gefið upp sem endósúlfan)	Allt fóður, að undanskildu: — maís og afurðum úr vinnslu hans — olíufræjum og afurðum úr vinnslu þeirra — heilfóðri fyrir fisk	0,1 0,2 0,5 0,005“